



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

623. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 16. febrúar 2026
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Ásdís Kristjánsdóttir, Alexandra Briem, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH

Ásdís Kristjánsdóttir varaformaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Sóknaráætlun - áhersluverkefni 2026 - 2511010

Áframhaldandi umræður frá vinnufundi stjórnar sem haldinn var í Höfða 16. janúar sl. um áhersluverkefni sóknaráætlunar 2026. Framkvæmdastjóri kynnir fyrirleggjandi tillögur að áhersluverkefnum ársins 2026. Umræður.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra er falið að vinna fyrirleggjandi tillögur áfram til samræmis við umræður fundarins og senda stjórn til samþykktar milli funda. Í kjölfar þess verða tillögunar lagðar fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál.

2. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Kynning og umræður um stöðu mála varðandi fyrirkomulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og starfsemi nýs félags, Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf.

Umræður um tillögu að dagskrá fundar stefnuráðs byggðasamlaganna sem haldinn verður 20. febrúar nk. en á 621. fundi stjórnar SSH var skrifstofu SSH falið að boða til fundar Stefneuráðs byggðasamlaganna til kynningar og yfirferðar málsins.

Niðurstaða:

Umræður.

3. Fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum o.fl. - 2311003

Drög að frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum liggja nú til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda en umsagnarfrestur er til 17. febrúar nk. Áframhaldandi umræða frá 622. fundi um viðbrögð SSH við framlögðum



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

frumvarpsdrögum.

Niðurstaða:

Skrifstofu SSH er falið að fullvinna fyrirbyggjandi drög að umsögn og senda í samráðsgátt stjórnvalda.

4. Foreldrahús - 2602002

Fyrirliggjandi til umræðu er erindi framkvæmdastjóra Foreldrahúss sem barst með tölvupósti dags. 14. janúar 2026.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Umræðum frestað til næsta fundar.

5. Samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 - 2601003

Fyrirliggjandi til staðfestingar er umsögn SSH um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026-200 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026-2030 sem send var nefndasviði Alþingis 9. febrúar sl. en á 622. fundi var framkvæmdastjóra falið að fullgera umsögn SSH um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026-2030 og senda til Alþingis.

Niðurstaða:

Staðfest.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.